

Nd.

748. Breytingartillögur

[182. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjármálaráðherra.

1. Aftan við 1. mgr. 7. gr. bætist:

Heimilt er að fella niður skattsektir skv. þessari málsgrein, hafi skattþegn fyrir 1. marz 1966 af sjálfsdáðum gefið réttar skýrslur um þau atriði, er máli skipta um tekjuskatt hans og eignarskatt, eða talið fram til skatts.

2. Aftan við 6. mgr. 7. gr. bætist:

Heimilt er að heita ákvæðum síðasta málsliðar 1. mgr. þessarar greinar um þessar sektir, eftir því sem við á, til 1. júlí 1965.